

honum hroll, eða falli yfir hann magnleysi eða grípi hann æstur taugatitringur, hrópar hann upp að hann hafi „öðlast trú.“ Samskonar skoðun á trú, er alment innan allra Evangelísk Orþodoxra kyrkna. Trúin er varningur er menn verða að eignast, óskyldur mannlegu eðli, trygging gegn öllum mannlegum meinum, syndar, vanþekkingar og þjáningar.

Aftur á móti frá hinni hliðinni eru trúarbrögðin skoðuð sem eiginlegleiki mannlegs meðvitundarlífs, og er það undantekningarlaust skoðun frjálstrúar manna. Trúin er sérskilinn kraftur meðfæddur mannlegu lífi, alls ekki utan að komandi, en líkur öðrum eiginlegleikum mannsins tilheyrandi lífsheildinni sjálfri, og má æfa hann og göfga, beina honum og brúka hann í allri mannlegri starfsemi, eins og hægt er að beina og stjórna hverju öðru virkilegu afli. Hún er auk heldur sá æðsti kraftur mannlegrar tilveru, er vér þekkjum, því hún ræður að miklu leyti eðli og tilgangi allra mannlegra gjörða. Þessi skoðun hefir fengið vald yfir flestum hugsandi mönnum, sérstaklega nú á síðari áruni, síðan framþróunar kenningin varð kunn. Strax og mannlegur hugur fékk sjálfs-meðvitund fékk hann meðvitund um það, sem ytra bjó og ekki var hann sjálfur. Og er tímar liðu, fann hann að innra bjó örlítið brot þess eilífa skilnings á réttu og röngu, er stjórnaði og leiðbeindi hugsunum hans. Og eftir því sem óx reynsla mannkynsins, óx einnig tilfinningin fyrir leyndardómi lífsins, unz mannessálin smáa fann sig knúða, að öðru leytinu, til að laga sig eftir ytri kringumstæðum, og að hinu leytinu eftir hinni ævarandi meðvitund um tilveru guðs. Og frá þessum orsökum hefir þroskast hin mikla undursmið vorrar andlegu tilveru, unz nú, að vér finnum að trúin hefir öðlast þann kraft og það innra vald, er mannkynið sjálft getur ekki umflúið þótt það svo gjarnan vildi.

Þetta er almennasta skoðanin um eðli trúarbragðanna, meðal frjálstrúarmanna nú. Og láta þeir sig það mestu verða, að öllu afli andlega lífsins sé viturlega stjórnað og beitt í þarfir *mannlegra* framfara. Ef nokkuð á að geta haft varanlegt gildi má það ekki vera gagnstríðandi samvizku manna, það verður að vera eilíflega satt, trúarlegs eðlis! Sé þessu afli ekki stjórn-